

Verkefni 2 – Umhverfi, greinargerð um niðurstöður rannsóknar

Kirkja við opið haf¹

Hvalsneskirkja er á Rosmhvalanesi vestanverðu. Hún er staðsett um 7 kílómetrum fyrir sunnan Sandgerði og hún tilheyrir Hvalsnes- og Útskálaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi². Kirkjan var reist á árunum 1886-1887 og hún var vígð á jóladag árið 1887. Kirkjan er 12,60 m að lengd og 8,02 m á breidd³ og þar með er flatarmál hennar rúmfr 100 m². Í heimildum kemur fram að þetta hafi verið fyrsta kirkjan á Íslandi sem reist var utan kirkjugarðs.

Um kirkjubygginguna sáu steinsmiðirnir Magnús Magnússon frá Gauksstöðum í Garði og Stefán Egilsson frá Reykjavík. Magnús Magnússon hannaði bygginguna og hóf verkið en hann lést árið 1887 og lauk því ekki við bygginguna. Stefán Egilsson lauk verkinu. Magnús Ólafsson trésmíðameistari frá Reykjavík sá um tréverkið. Ketill Ketilsson bóndi í Kotvogi sem þá átti jörðina Hvalsnes fjármagnaði kirkjubygginguna.⁴ Árið 1945 sá Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins um endurbætur á kirkjunni⁵. Kirkjan var friðlýst árið 1990.

Áður en steinkirkjan var byggð á Hvalsnesi, þá var þar timburkirkja sem reist var árið 1864. Margar tilgátur eru til um það af hverju ráðist var í að byggja steinkirkjuna og rífa timburkirkjuna sem aðeins var tuttugu og tveggja ára gömul og þótti á þeim tíma hið veglegasta hús. Saga er til um að þak timburkirkjunnar hafi lekið og því hafi verið ákveðið að byggja nýja kirkju frekar en gera við þakið. En sjálfsgagt hefur fleira komið til eins og að timburkirkjan hafi þótt of lítil. Í því sambandi má nefna að eftir að seglskipið Jamestown strandaði við Hafnir árið 1881, þá fóru einstaklingar á Suðurnesjum að reisa stærri timburhús en áður höfðu verið reist á þessum slóðum. Kirkjubyggingar voru venjulega reisulegustu byggingar í hverri sveit og því hafi verið gripið til þess að rífa gömlu timburkirkjuna og reisa veglega steinkirkju.

Hvalsneskirkja er steinkirkja, reist úr tilhöggnu grágrýti sem fleygað var úr klöppunum við túngarðinn. Grjótið var síðan dregið á hestum og tilhöggvið með hamri og meitli á byggingarstað. Þak, turn, súlur og ýmislegt annað tréverk var smíðað úr rekavið úr fjörum í nágrenninu og kom sá viður að mestu leyti úr seglskipinu Jamestown sem strandaði við Hafnir árið 1881⁶⁷. Skipið var fullhlaðið borðviði af mismunandi tegundum, m.a. harðviði og öðrum gæðaviði⁸. Mörg hús á Suðurnesjum voru smíðuð úr viðnum sem var í því skipi.

Seglskipið Jamestown var mannlaust þegar það strandaði við Hafnir og svo virðist sem áhöfnin hafi yfirgefið það fjörum mánuðum áður. Nokkrum dögum eftir að skipið strandaði brotnaði það í spón í miklu óveðri sem þá gekk yfir strandstað. Menn reyndu að bjarga eins miklu timbri úr skipinu og hægt var vegna óveðursins, en mikið af því skolaði á fjörur í nágrenninu á næstu mánuðum og árum.

¹ Viðauki 1

² http://www.kirkjukort.net/kirkjur/hvalsneskirkja_0180.html

³ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

⁴ <http://www.ferlir.is/?id=18316>

⁵ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

⁶ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

⁷ <http://www.leoemm.com/jamestown.htm>

⁸ <http://www.leoemm.com/jamestown.htm>

Útveggir kirkjunnar eru hlaðnir úr tilhöggnu grjóti og steinlím notað til að festa það saman. Þakið er krossreist sem merkir að sperrurnar mynda 90 gráðu horn í mæni. Upp af vesturstafni kirkjunnar er ferstrendur turn úr timbri og klæddur lárétrri timburklæðningu. Turninn stendur á bjúgstalli og þak hans er íbjúgt. Þök og bjúgstallur voru klædd með eir fyrir nokkrum árum síðan. Sjá mynd 1.



Mynd 1⁹. Hvalsneskirkja að utan. Á myndinni sést vel krossreist þakið og turninum sem situr á bjúgstalli. Einnig sjást gluggarnir og kirkjudyrnar vel á þessari mynd.

Á báðum langhliðum kirkjunnar eru fjórir gluggar og dyr eru á vesturgafli. Fyrir kirkjudyrum eru tvöfaldar vængjahurðir og bogagluggi yfir. Fyrir ofan dyrnar er söngloft og á því eru tveir gluggar með sama lagi og aðal gluggarnir á hliðunum. Upp af sönglofti rís klukkuturninn.

Að innan er kirkjan ekki síður falleg en að utan. Altarið er úr gömlu timburkirkjunni frá 1867 og altariстаflan er frá svipuðum tíma. Töfluna málaði Sigurður Guðmundsson málari¹⁰. Altariстаflan er sömugerðar og altariстаfla Dómkirkjunnar og sýna þær upprisuna. Önnur af tveimur kirkjuklukkunum er frá 1820 og var hún í fyrri kirkjubygginu, hin er frá 1874 og gáfu sóknarbörn steinkirkjunni þá klukku. Í kirkjunni er ýmsir gamlir munir frá öndverðri nítjándu öld, svo sem silfurkaleikur, korpóralklútur og tinskál. Frá svipuðum tíma er skírnarfonturinn sem Erlendur Guðmundsson bóndi á Stafnesi smíðaði¹¹. Predikunarstóllinn er frá því steinkirkjan var byggð og er

⁹ <https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Hvalsneskirkja.JPG>

¹⁰ <http://www.kanon.is/wp-content/uploads/09-07.pdf>

¹¹ <http://www.ferlir.is/?id=18316>

hann smíðaður úr mahoní tré sem rak á fjörur og hefur það tré trúlega komið úr títt nefndu seglskipi Jamestown. Í kirkjunni er einnig til höggmynd eftir Einar Jónsson höggmyndameistara af Hallgrími Péturssyni. Sjá mynd 2.



Mynd 2¹². Hvalsneskirkja að innan. Á myndinni sést altarisstaflan eftir Sigurð Guðmundsson og til vinstir við altarið er bautasteinninn sem Hallgrímur Pétursson hjó. Á kórveggnum til vinstri er höggmynd Einars Jónssonar af Hallgrími Péturssyni. Til hægri er predikunarstóllinn og vinstra megin við hann er skírnarfonturinn sem Erlendur Guðmundsson smíðaði.

Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinn sem sálmaskáldið Hallgrímur Pétursson hjó með eigin höndum á leiði dóttur sinnar Steinunnar Hallgrímsdóttur¹³. Hún dó 1649 en þá var Hallgrímur prestur í sókninni. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna. Það var páverandi formaður sóknarnefndarinnar, hann afi minn, sem fann legsteininn þegar hann var að fjarlægja gamla stétt svo hægt væri að steypa nýja. Sjá mynd 3.

Um þennan bautastein segir séra Karl Sigurbjörnsson fyrrum biskup:

„Til eru fegurri minnismerki og bautasteinar. En steinninn sem stendur við hlið altarisins í Hvalsneskirkju er áhrifameiri en flestir þeirra.“¹⁴

Í máli Karls kemur einnig fram að steinninn sé yfir 100 kg að þyngd og sögusagnir hermi að Hallgrímur Pétursson hafi sjálfur sótt steinninn í heiðina, borið hann í smíðju og hoggvið nafn dóttur sinnar í steinninn. Þegar fram liðu stundir var steinninn nýttur í stétt við kirkjuna og þá höggvið af honum svo hann félli betur að stéttinni.

¹² <http://www.sandgerdi.is/default.asp?Page=678>

¹³ <http://www.kgsi.is/bautast3/steinn.html>

¹⁴ <http://tru.is/pistlar/2004/09/huglei%C3%B0ingar-i-hvalsneskirkju>



Mynd 3¹⁵. Sreinninn sem Hallgrímur Pétursson gerði á leiði dóttur sinnar Steinunnar Hallgrímsdóttur.

Á veraldlegan mælikvarða er Hvalsneskirkja ekki stór bygging, en í mínum huga er hún það. Jafnt að innan sem utan. Trúlega vegna þess að ég á minningar úr þessari kirkju frá því að ég var lítil stelpa. En líka vegna þess að hún er byggð á hól og blasir því víða við. Kirkjan er byggð úr efni sem tiltækt var í umhverfinu: Grágrýti og rekavið. Munir úr fyrri kirkjubygginum voru nýttir þegar kirkjan var byggð, svo sem altarafla, altari og skírnarfontur. Ber þetta vitni um ráðdeild og nýtni þeirra sem byggðu kirkjuna. Fagurlega skreyttar inntéttingar eru til merkis um hlýju og natni þeirra sem byggðu kirkjuna og einnig þeirra sem hafa séð um að halda kirkjunni við.

Í kirkjunni hefur fólk komið saman á gleði- og sorgardögum á þeim tæplega 130 árum síðan hún var reist. Hún hefur því gegnt mikilvægu hlutverki í samfélagi manna á þessu svæði í langan tíma.

Heimildaskrá

Allar vefslóðir eru skoðaðar dagana 22. október til 24. október 2015.

Freyja Jónsdóttir, Hvalsneskirkja. 14. ágúst 1999. Slóðin er: <http://www.ferlir.is/?id=18316>

Karl Sigurbjörnsson, Hugleiðingar í Hvalsneskirkju. 14. september 2004. Slóðin er: <http://tru.is/pistlar/2004/09/huglei%C3%B0ingar-i-hvalsneskirkju>

Kirkjukort. Ártals er ekki getið. Slóðin er: http://www.kirkjukort.net/kirkjur/hvalsneskirkja_0180.html

Leó S. Jónsson, Um Jamestown strandið. Haustið 2000. Slóðin er: <http://www.leoemm.com/jamestown.htm>

Minjastofnun. Ártals er ekki getið. Slóðin er: <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

Sandgerðisbær, Byggða og húsakönnun mars 2014. Mars 2014. Slóðin er: <http://www.kanon.is/wp-content/uploads/09-07.pdf>

Steinunn Jóhannesdóttir, Steinn Steinunnar. Ártals er ekki getið. Slóðin er: <http://www.kgsi.is/bautast3/steinn.html>

¹⁵ <http://www.kgsi.is/bautast3/steinn.html>

Myndaskrá

Mynd 1, Hvalsneskirkja. Ártals er ekki getið. Slóðin er:
<https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Hvalsneskirkja.JPG>

Mynd 2. Hvalsneskirkja í Hvalsneshverfi. Ártals er ekki getið. Slóðin er:
<http://www.sandgerdi.is/default.asp?Page=678>

Mynd 3. Steinn Steinunnar. Ártals er ekki getið. Slóðin er:
<http://www.kgsi.is/bautast3/steinn.html>

Viðauki 1

Á Hvalsnesi, ljóð eftir Snorri Hjartarson. Ljóðið birtist fyrst í síðustu ljóðabók Snorra Hjartarsonar, *Hauströkkrið yfir mér*, sem út kom 1979.

Kirkja við opið haf

Í kórnum lýt ég að skörðum
steini, fer augum og höndum
um lettrið, um helgan dóm

Sé lotinn mann, heyri glamur
af hamri og meitli, sé tár
hrökkva í grátt rykið

Sé hann hagræða hellunni á gröf
síns eftirlætis og yndis,
og ljóðið og steinninn verða eitt

Ég geng út í hlýan blæinn
og finnst hafið sjálft ekki stærra
en heilög sorg þessa smiðs.